



Umsögn um drög að frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð

Hálendisþjóðgarður myndi efla og samræma störf landavarða á hálendinu

Stjórn Landvarðafélagsins lýsir yfir stuðningi við frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð og teljum við að stofnun hans yrði mikil framför í náttúruvernd á Íslandi.

Hálendisþjóðgarður myndi ekki einungis vera stórt skref í sögu náttúruverndar á Íslandi heldur einnig mikið framfara stig fyrir landvörslu á Íslandi. Í dag starfa landverðir á nokkrum svæðum undir umsjá mismunandi stofnana á hálendinu. Þeir þurfa að keyra inn og út úr þjóðgarði og friðlýstum svæðum og horfa uppá ákveðin svæði sem ekki njóta daglegrar umsjónar. Oftar en ekki vinna landverðir út fyrir sitt svæði t.d. með því að raka utanvegakstur langt út fyrir mörk skilgreind svæðis og sinna merkingum við vöð. Staðreyndin er sú að um leið og landverðir keyra inn á hálendið til vinnu sinnar þá byrja þeir að vinna jafnvel þó að starfstöð þeirra sé enn í marga kílómetra fjarlægð. Það væri því mikið hagsmuna mál fyrir landverði að hálendið allt yrði að þjóðgarði. Þannig er sett pressa á ríkisvaldið að ganga úr skugga að landverðir geti sinnt öllu hálendinu en ekki bara ákveðnum hluta þess.

Þjóðgarður hefur jákvæð áhrif á ferðahegðun

Þjóðgarður er þekkt hugtak allstaðar í heiminum. Ferðamenn, og þá sérstaklega erlendir ferðamenn, eru vanir þjóðgördum og skilyrðum sem þeim fylgja. Það eitt að keyra yfir þjóðgarðsmörk leiðir til ábyrgari ferðahegðunar. Í dag eru mörk friðlýstrasvæða og þjóðgarða á hálendinu því miður óljós en á sama tíma oft greinileg vegna þess að innan starfsvæða landvarða er umgengnin og ásýndin mun betri. Þar sem ásýnd svæðisins, leiðbeiningar og innviðir eru snyrtilegri og njóta samræmis, þar gengur fólk betur um. Það væri því hugur allra að hálendið færi undir þjóðgarð og þar af leiðandi skipulagða umsjá landvarða.

Lítið samráð við landverði

Stjórn Landvarðafélagsins vill aftur á móti að koma fram gagnrýni sinni að innan stjórnskipulags Hálandisþjóðgarðs eiga landverðir engan greiðan aðgang. Frumvarpi þessu hefur verið breytt þannig að nú eiga bændur sæti í umdæmisráði en þetta er breyting frá svæðisráðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Stjórn Landvarðafélagsins hefur ekkert á móti setu bænda í ráðinu enda vinna landverðir og bændur oft náið saman. Aftur á móti verður að teljast sérstakt að landverðir sem dvelja mest innan þjóðgarðsmarka og vinna eftir stjórnar- og verndaráætlun skuli ekki hafa neitt aðgengi að gerð hennar. Minjastofnun hefur sinn fulltrúa í þeim málum sem varðar minjar en sjónarhorn landvarða er ekki tryggt. Við leggjum því til að frumvarpinu verði breytt þannig að landvörðum sé tryggt aðgengi að stjórnskipulagi þjóðgarðsins hvort sem það sé formlegt sæti í ráði eða einhverskonar sæti sem ráðgjafa- og áheyrandafulltrúi.

Virkjanir innan þjóðgarða

Stjórn Landvarðafélagsins vill einnig taka fram að í okkar fallegustu draumum eru stóriðjuvirkjanir ekki partur af þjóðgarði. Aftur á móti keyra landverðir á hálendinu nú þegar í vinnu sinni inn og útaf virkjanasvæðum og því verður ekki breytt. Það er aftur á móti krefjandi að halda ásýnd þjóðgarðsins snyrtilegum á meðan óljóst svæði virkjana er oft á tíðum í verra ástandi fyrir allra augum. Það er því mat stjórnar Landvarðafélagsins að ákveðinn hagur felst í því að hafa virkjanir innan þjóðgarðsmarka. Það setur pressu á umsjónarmenn virkjanna að hafa svæðið snyrtilegt og landverðir geta komið að eftirliti og umgengni. Við teljum aftur á móti fráleitt að lagst verði í frekari stórafls virkjanir innan þjóðgarðsins en teljum að aukin náttúruvernd og þjóðgarður muni draga úr vilja fyrir frekari virkjana áformum.

Stjórn Landvarðafélagsins ítrekar því aftur stuðning okkar við Hálandisþjóðgarð og teljum að nú sé rétti tíminn til að taka næsta skref í náttúruvernd á Íslandi og setja náttúru Íslands í forgang áður en verður um seinan.

Stjórn Landvarðafélagsins